

## Fundargerð

### 118. stjórnarfundur FHA haldinn 10. sept. 2020 kl. 15:30

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir formaður, Auðbjörg Björnsdóttir, Guðmundur Kristján Óskarsson, Helgi Freyr Hafþórsson, Margrét Elísabet, Sigríður Sía Jónsdóttir og Stefán Guðnason.

Dagskrá:

1. Skipting verka

Stjórn skipti með sér verkum. Stefán Guðnason var kjörinn fundarritari og Guðmundur Kristján Óskarsson gjaldkeri. Einnig var rætt að gott væri að kjósa formann og ákveðið að leggja það fyrir næsta aðalfund FHA. Einnig var samþykkt að Guðmundur Kristján kæmi inn í forföllum formanns ef til komi.

2. Fundartími

Ákveðið var að funda fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði kl. 12 fram að áramótum og þá yrði fundartíminn endurskoðaður.

3. Samgöngustyrkur HA

Í ágúst mánuði var félagsmönnum tilkynnt af yfirstjórn skólans að ekki yrði greiddur samgöngustyrkur vegna vistvænna bíla. Rætt var um hvort að rétt sé að stjórn félagsins myndi senda frá sér ályktun vegna þessa. Auðbjörgu var falið að gera drög að slíkri ályktun.

4. Aðildargjöld til BHM

Á aðalfundi BHM 2019 var skipaður starfshópur til að endurskoða aðildargjöld til BHM. Þessi hópur skilaði tillögum til formannaráðs í nóvember 2019 og sýnt þótti að þessi tillaga væri mjög íþyngjandi fyrir minni félög og féll í miður góðan jarðveg hjá mörgum aðildarfélögum BHM. Nokkur félög tóku sig saman og komu fram með aðra tillögu sem var kynnt ásamt inni tillögunni á framhaldsaðalfundi BHM í september sl. Guðmundur Kristján og Sigríður Sía kynntu stjórnarmönnum þessar tillögur og sögðu frá því að tillögurnar voru ekki afgreiddar á framhaldsaðalfundinum heldur vísað til formannaráðs til nánari útfærslu. Stefnt er að því að formannaráð boði til auka aðalfundar BHM til þess að klára málið. Fyrri tillagan myndi þýða töluverða hækkun á gjaldi FHA til BHM en síðari tillagan gerir ráð fyrir lækkun miðað við núverandi gjald.

5. Vinnumatssjóður HA

Rætt var um vinnumatssjóð HA og hvort að FHA ætti að senda frá sér ályktun þar sem óskað er eftir endurskoðun á þessum reglum. Reglur um Vinnumatssjóðurinn er þó ekki eitthvað sem félagið hefur samið við yfirstjórn um heldur hafa reglurnar verið unnar af yfirstjórn HA og samþykkt í háskólaráði.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 17:00

Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð